

Allur gjafsóknarkostnaður greiðist úr ríkissjóði. Þóknun talsmanns stefnanda, Othars Arnar Petersen héraðsdómslögmanns, 600.000 kr., og útlagður kostnaður, 285.400 kr., þar af 153.900 kr. til talsmannsins og 131.500 kr. til stefnanda sjálfs.

Allar greiðslur fari fram innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 8. nóvember 1983.

Nr. 133/1983. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

**Ólafi Kalmanni Hafsteinssyni**

(Agnar Gústafsson hrl.).

Þjófnaður. Hylming. Ávana- og fikniefni. Brot gegn lögum nr. 65/1974. Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson og Arnljótur Björnsson prófessor.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar með stefndu 2. febrúar 1983 refsingu ákærða til þyngingar og til lengingar ökuleyfis-sviptingar.

Verjandi krefst þess, að ákærði verði dæmdur til lægstu refsingar, er lög leyfa.

Ágrip máls barst Hæstarétti 23. ágúst 1983.

Í héraði var máli þessu beint gegn ákærða og öðrum manni, sem unað hefur héraðsdómi.

Samkvæmt fæðingar- og skirnarvottorði ákærða, sem lagt hefur verið fram í Hæstarétti, er síðara eiginnafn hans Kalmann.

### **I.**

Staðfesta ber sakarmat héraðsdómara og heimfærslu brota að því er varðar I. og IV. lið í ákæruskjali.

## II.

Enn fremur er fallist á þá niðurstöðu héraðsdómara að sakfella ákærða fyrir brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 vegna atferlis þess, sem honum er gefið að sök í II. lið ákæru.

Með 2. mgr., sbr. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 65/1974, sbr. 2. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 390/1974, fylgiskjal B, er hvers konar varsla morfins lýst refsiverð. Leggja verður til grundvallar dómi, að ákærði hafi þegar eftir töku morfínglasanna neytt morfins úr einu glasinu, en falið hin fimm í sjópoka sínum, þar sem lögreglumenn fundu þau. Þessi meðferð morfíns þykir varða við þau ákvæði laga og reglugerðar, sem í ákæru greinir, en lögum nr. 75/1982, 9. gr., er breyta 1. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974, verður eigi beitt í máli þessu, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga.

## III.

Að því er varðar III. ákærulið þykja sakargögn eigi nægja til að sakfella ákærða fyrir brot á 244. gr. almennra hegningarlaga, og ber að sýkna hann af þeim þætti ákærunnar. Hér fyrir dómi taldi ríkissaksóknari atferli ákærða annars varða við 254. gr. almennra hegningarlaga, og var málið reifað af hendi hans og verjanda á þeim grundvelli, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974. Með sakargögnum er sannað, að ákærði tók þátt í sölu myndsegulbandtækis þess, sem í ákæruliðnum greinir, og var honum þá orðið ljóst, að tækið var fengið með þjófnaðarbroti. Háttsemi ákærða varðar hann því refsingu samkvæmt 254. gr. almennra hegningarlaga, sem gerlegt þykir að beita, enda geymir sú grein refsíákvæði, er felur í sér eftirfarandi hlutdeild í þjófnaðarbroti og með lægri refsiviðurlögum en greinir í 244. gr. þeirra laga.

## IV.

Svo sem segir í hinum áfrýjaða dómi, var ákærði hinn 12. ágúst 1981 dæmdur í tveggja mánaða fangelsi fyrir þjófnað, og var helm-ingur refsingarinnar skilorðsbundinn til tveggja ára. Samkvæmt vottorði dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 25. f. m. hefur ákærði tekið út hinn óskilorðsbundna hluta refsingarinnar.

Samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 1. gr. laga nr. 20/1981 og 7. gr. laga nr. 22/1955, skal, þegar rannsókn er hafin út af nýju broti, áður en skilorðstíma lýkur, taka bæði málin til

meðferðar og dæma þau í einu lagi, og á þetta við, hvort sem um skilorðsrof er að ræða eða hið nýja brot er framið, áður en skilorðsdómur gekk, en þannig hagar til í þessu máli. Heimilt er þó, ef sérstaklega stendur á, að láta skilorð haldast og dæma sér í lagi óskilorðsbundna refsingu fyrir hið nýja brot. Með hliðsjón af því, að hinum óskilorðsbundna hluta refsingar samkvæmt dómi 12. ágúst 1981 hefur verið fullnægt, þykir rétt að láta skilorð á hinum hluta refsingarinnar haldast og dæma ákærða sérstaklega refsingu fyrir hin nýju brot. Refsingin verður með hliðsjón af 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga ákveðin fangelsi 3 mánuði.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um ökuleyfissviptingu og sakarkostnað að því er ákærða varðar.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 7.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 7.000.00 krónur.

Það athugast, að eigi voru fengin afdráttarlaus svör ákærða við því, hvort hann óskaði áfrýjunar. Þá athugast enn fremur, að eigi nýtur við gagna í máli þessu um hagi ákærða, þ. á m. um það, hvort hann hafi sætt lækni meðferð vegna morfinhneigðar sinnar.

#### D ó m s o r ð :

Ákærði, Ólafur Kalmann Hafsteinsson, sæti 3 mánaða fangelsi.

Ákvæði héraðsdóms um ökuleyfissviptingu og sakarkostnað að því er ákærða varðar eiga að vera óröskuð. Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 7.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns hér fyrir dómi, Agnars Gústafssonar hæstaréttarlögmanns, 7.000.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

#### **Dómur sakadóms Gullbringusýslu og Keflavíkur 9. desember 1982.**

Ár 1982, fimmtudaginn 9. desember, er í sakadómi Gullbringusýslu og Keflavíkur af Guðmundi Kristjánssyni fulltrúa kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 1454/1981: Ákærvaldið gegn Valtý Ómari Guðjónssyni og Ólafi Kalmanni Hafsteinssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var 24. nóvember sl., hefur ríkissaksóknari höfðað gegn Valtý Ómari Guðjónssyni, nú til heimilis að Silfurteigi 6, Reykjavík, og Ólafi Kalmanni Hafsteinssyni, Stað, Höfnum, Gullbringusýslu.

Með ákæru, dagsettri 18. ágúst 1981, er ákærði Valtýr Ómar sakaður um „eftirtalin brot framin í Reykjavík:

## I.

Laugardaginn 21. júní 1980 stolið seðlaveski af manni á Austurvelli, en í veskinu var auk skilríkja tékkhefti frá Landsbanka Íslands, Austurbæjarútibúi, Reykjavík.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

## II.

Falsað eftirtalda 8 tékka á eyðublöð úr framangreindu hefti og notað í viðskiptum. Notaði ákærði nafn Svans Eliassonar sem útgefanda, en reikningsnúmer af handahófi. Tékkarnir eru allir til handhafa:

1. Nr. 4674582, kr. 24.300.-. Útgáfudagur 21. júní 1980. Reikningsnúmer 2861. Ákærði keypti fyrir tékkann flik í versluninni Leður og loðskinn, Austurstræti 1.

2. Nr. 4674585, kr. 10.000.-. Útgáfudagur 20. júní 1980. Reikningsnúmer 2861. Greitt fyrir leiguakstur.

3. 4674587, kr. 20.000.-. Útgáfudagur 21. júní 1980. Reikningsnúmer 6128. Greiddar vörur í söluturni að Vesturgötu 27.

4. Nr. 4674588, kr. 50.000.-. Útgáfudagur 21. júní 1980. Reikningsnúmer 6194. Skipt fyrir vörur og peninga í versluninni Sentral sf., Hafnarstræti 20.

5. Nr. 4674592, kr. 5.000.-. Útgáfudagur 21. júní 1980. Reikningsnúmer 6841. Skipt fyrir vörur og peninga í pylsuvagninum í Austurstræti.

6. Nr. 4674593, kr. 60.000.-. Útgáfudagur 21. júní 1980. Reikningsnúmer 6891. Skipt fyrir vörur og peninga í versluninni Sentral sf., Hafnarstræti 20.

7. Nr. 4674594, kr. 10.000.-. Útgáfudagur 21. júní 1980. Reikningsnúmer 6951. Skipt fyrir vörur og peninga í pylsuvagninum í Austurstræti.

8. Nr. 4674595, kr. 45.000.-. Útgáfudagur 22. júní 1980. Nafn framseljanda Svanur Eliasson. Reikningsnúmer 6951. Greiddar vörur í söluturninum Laugavegi 92

Teljast verknaðir þessir varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

## III.

Aðfaranótt fimmtudagsins 27. nóvember 1980 brotist inn í klefa um borð í m/s Stuðlafossi við Miklabakka í Reykjavík og stolið þar einni flösku af Wodka og tveim lengjum af vindlingum.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

## IV.

Í nóvember 1980 heimildarlaust selt Baldvin Árnasyni bifreiðina R 50836, Saab 99, árgerð 1970, sem var eign Sigurðar R. Lúðvíkssonar, en í vörslu ákærða vegna viðgerðar, fyrir kr. 1.000.000.-. Fékk ákærði kaupverðið greitt með víxlum, samtals að fjárhæð kr. 535.000.-, málverkum og myndum og að einhverju leyti í peningum. Víxlana notaði hann síðan til að kaupa aðra bifreið fyrir sig. Var í þessu skyni útbúið afsal, dagsett 28. nóvember 1980, sem var undirritað af Baldvin Árnasyni sem kaupanda.

Telst þetta aðallega varða við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga, en til vara við 248. gr. sömu laga.

## V.

Falsað alls 8 tékka á eyðublöð úr tékkhefti frá Landsbanka Íslands, Austurbæjarútibúi, Reykjavík, og notað í viðskiptum. Tékkheftinu hafði ákærði stolið. Nafn útgefanda er á öllum tékkunum Halldór Guðnason, en eftirnafnið er þó illlæsilegt í sumum tilvikunum. Reikningsnúmer eru valin af handahófi. Tékkarnir eru allir nema einn gefnir út 4. desember 1980, þótt á sumum standi 4. nóvember. Þeir eru allir til handhafa, nema annars sé getið:

1. Nr. 5029654, kr. 15.000.-, til Bifreiðastöðvar Íslands. Skipt fyrir vörur og peninga á Umferðarmiðstöðinni. Ekkert reikningsnúmer.
2. Nr. 5029655, kr. 30.000.-. Reikningsnúmer 6185. Keyptur flugfar-seðill hjá Flugleiðum.
3. Nr. 5029656, kr. 35.000.-. Reikningsnúmer 6143. Keyptur flugfar-seðill hjá Flugleiðum.
4. Nr. 5029657, kr. 455.000.-. Útgáfudagur 3. desember 1980. Reikningsnúmer 6172. Greitt fyrir trefjaplast hjá Polyester h.f., plastgerð í Hafnarfirði.
5. Nr. 5029658, kr. 10.000.-. Reikningsnúmer 6132, til Shell, oliustöð. Seldur á bensinstöð.
6. Nr. 5029659, kr. 60.000.-. Reikningsnúmer 6218. Greiddar vörur í verslun Hans Petersen, Bankastræti 4.
7. Nr. 5029661, kr. 20.000.-. Reikningsnúmer 6218. Greiddar vörur í versluninni Málning og járnvörur, Laugavegi 23.

8. Nr. 5029666, kr. 15.000.-. Reikningsnúmer 6215. Keyptur smuroliu-brúsi á bensinstöð á Seltjarnarnesi.

Teljast verknaðir þessir varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

## VI.

Aðfaranótt þriðjudagsins 23. júní 1981 valdið skemmdum á bifreiðinni R 2748 með því að sparka í vinstra frambretti hennar, svo að það dældaðist. Var þetta að Geymisvöllum við Háteigsveg í Reykjavík.

Verknaður heimfærist undir 257. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Með ákæru, dagsettri 16. september 1981, er ákærða Valtý Ómari gefið að sök „að aka föstudaginn 3. apríl 1981 undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum til bráðabirgða bifreiðinni R 67233 um götur í Reykjavík og aka þá gegn rauðu umferðarljósi á gatnamótum Nóatúns og Laugavegar, er ákærði ók suður Nóatún og vestur Laugaveg.

Telst þetta varða við 1. mgr. 27. gr. og 1. mgr. 38. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

Ennfremur fyrir að aka miðvikudaginn 13. maí 1981 undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum til bráðabirgða, bifreiðinni R 69163 frá Brekkubraut í Keflavík áleiðis út í Hafnir, þar til akstri lauk með afskiptum lögreglu á Brekkustíg í Njarðvík.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Ennfremur fyrir að aka aðfaranótt laugardagsins 13. júní 1981 undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum til bráðabirgða bifreiðinni R 69163 frá Faxabraut í Keflavík áleiðis út í Hafnir, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans á mótum Suðurgötu og Skólavegar í Keflavík.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga, sbr. lög nr. 52/1978.

Loks fyrir að aka að kvöldi mánudagsins 20. júlí 1981 undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum til bráðabirgða bifreiðinni R 69163 nokkurn spöl upp úr moldarflagi utan vegar við afleggjara að Júnkaragerði í Hafnahreppi.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga, sbr. lög nr. 52/1978.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfisvipt-

ingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Með ákæru, dagsettri 23. mars sl., eru báðir ákærðu sakaðir um „eftirtalin brot í júní 1981:

I. Ákærða Ólafi Kalmann fyrir að hafa aðfaranótt föstudagsins 5. brotist inn í m.b. Gígju RE 340 í Njarðvíkurhöfn og brotið upp hurðir og hirslur og stolið rafmagnsrakvél, kvikmyndasýningarvél og 2 kvikmyndaspólum.

II. Ákærða Ólafi Kalmann fyrir að hafa í beinu framhaldi af þessu, brotist inn í m.b. Keflvíking, KE 100, þar í höfninni, brotið upp hurðir og hirslur og stolið 6 glösum af morfíni og nokkrum sprautum.

III. Ákærðu báðum fyrir að hafa aðfaranótt sunnudagsins 7. farið um borð í m.b. Ólaf Inga í Njarðvíkurhöfn og stolið myndsegulbandstæki.

IV. Ákærða Ólafi Kalmann fyrir að hafa þessa nótt ekið bifreiðinni R 69163 frá Höfnum til Reykjavíkur og þaðan til Hafna aftur undir áhrifum áfengis.

Telst atferli ákærðu í liðum I — III varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en ákærða Ólafs Kalmanns í lið IV við 2. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og atferli hans í lið II jafnframt við 2. mgr., sbr. 1. mgr. 3. gr., sbr. 1. mgr. 5. gr. laga um ávana- og fikniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980 um breyting á þeim lögum, sbr. 2. mgr. 1. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974 og lista B, sem er fylgiskjal með þessari reglugerð.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og Ólafur Kalmann jafnframt sviptur ökuréttindum samkvæmt 81. gr. umferðarlaga.“

Loks er ákærði Valtýr Ómar með ákæru, dagsettri 23. ágúst sl., sakaður um „að falska á Akranesi í desember 1980 tékka að fjárhæð gkr. 225.000.- á eyðublað nr. 5029670 frá Landsbanka Íslands, Austurbæjarútbúi, Reykjavík, og nota í viðskiptum. Tékkinn er með nafni útgefanda Halldór Guðmundsson og reikningsnúmeri 6218, en ólæsilegu nafni framseljanda. Hann er gefinn út til handhafa 5. desember 1980. Ákærði fékk féлага sínum, Birni Einarssyni, tékkann í hendur, og greiddi Björn með honum síma-reikning þar á staðnum.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

*Málavextir.*

Ákæra, dags. 18. ágúst 1981.

I. Þriðjudaginn 24. júní 1980 kærði Ingólfur Magnússon, Ásgarði 75, Reykjavík, til rannsóknarlögreglu ríkisins þjófnað á seðlaveski sínu, en í því var tékkhefti og skilríki. Sagðist hann hafa verið við áfengisdrykkju helgina áður og m. a. komið á Austurvöll á laugardag, um kl. 1300. Lagði hann sig þarna og sofnaði milli kl. 1430 — 1500, að hann taldi. Á þeim tíma hafi seðlaveskinu verið stolið. Tékkheftið, sem væri á ávísanareikning hans í Austurbæjarútibúi Landsbanka Íslands, sagðist Ingólfur hafa keypt síðastliðinn föstudag, og hélt hann, að hann væri búinn að nota 5 eða 6 blöð úr því.

Við rannsókn lögreglunnar á kæru þessari féll grunur á ákærða Valtý Ómar. Var hann handtekinn, og kannaðist hann við að hafa haft tékkhefti frá nefndu útibúi undir höndum. Hann hefur hins vegar bæði fyrir lögreglu og dómi borið, að hann muni ekki sakir ölvunar að hafa tekið hér umrætt veski ófrjálsri hendi. Hann kvaðst hafa átt leið um Austurvöll umræddan laugardag ásamt Gunnhildi Gunnarsdóttur og væri ekki ótrúlegt, að tékkheftið hafi þá komist í hendur þeirra.

Nefnd Gunnhildur Gunnarsdóttir segir í lögregluskýrslu, að þau ákærði hafi verið á Austurvelli umræddan laugardag. Hafi hún þarna gefið sig á tal við mann, Ingólf að nafni, en á meðan hafi ákærði tekið svart seðlaveski úr jakkavasa Ingólfs. Hún hafi síðan tekið við seðlaveskinu og fleygt því, en ákærði var þá búinn að taka út því tékkhefti.

Gestur Kristján Jónsson, Víkurbraut 36, Grindavík, segir í lögregluskýrslu, að hann hafi hitt ákærða og Gunnhildi Gunnarsdóttur um umrædda helgi og hafi þau m. a. farið á Austurvöll eftir hádegi á laugardag. Þar hafi ákærði og Gunnhildur hitt mann, sem þau þekktu, en sá hafi legið þarna í grasinu. Hafi þau tvö tekið hann tali, en Gestur kvaðst hafa haldið ferð sinni áfram, en hitt þau aftur nokkru seinna. Voru þau þá eitthvað að tala um fyrrnefndan mann og hafi Gunnhildur þá sagt eitthvað á þá leið við ákærða: „Aumingi ert þú að láta mig redda þessu.“

Með því, sem hér hefur verið rakið, telst fyllilega sannað, að ákærði hefur stolið títtnefndu seðlaveski ásamt áðurgreindu innihaldi, og varðar þessi háttsemi hans við 244. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.

II. Ákærði Valtýr Ómar hefur fyrir dómi viðurkennt að hafa falsað tékka úr áðurnefndu hefti og hafi þeir síðan verið notaðir í viðskiptum. Notaði hann nafn Svans Eliassonar, drykkjufélaga síns, sem útgefanda, en valdi reikningsnúmer af handahófi. Er tékkum þessum og notkun þeirra rétt lýst í ákæru.

Nokkrar manneskjur, sem lögreglan yfirheyrði vegna framangreinds atferlis ákærða, báru, að þær hefðu séð ákærða útfylla einn eða fleiri tékka á umræddum tíma.

Framanlýst háttsemi ákærða, sem telst fullsönnuð, varðar við 1. mgr. 155. gr. alm. hegningarlaga.

Í málinu er upplýst, að nokkrir nutu góðs af þessari brotastarfsemi ákærða, verandi mala fide, og áttu jafnvel hlutdeild í henni.

Eftirtaldir aðiljar hafa krafði ákærða um skaðabætur (vísað er til viðeigandi ákæruliða):

1. Verslunin Leður og loðskinn kr. 243.00. (Sjá II, 1).
2. Oliufélagið h/f kr. 100.00 auk bankakostnaðar, kr. 27.25. (Sjá II,2). Tékki þessi hefur verið framseldur bótakrefjanda).
3. Söluturninn Vesturgötu 27, Reykjavík, kr. 200.00 auk áfallinna dráttarvaxta og kostnaðar, kr. 32.00. (Sjá II, 3.).
4. Sentral s/f, Reykjavík, kr. 1.100.00 auk áfallins kostnaðar, kr. 97.25. (Sjá II, 4 og 6.).
5. Pylsuvagninn í Austurstræti, Reykjavík, kr. 150.00. (Sjá II, 5 og 7.).
6. Söluturninn Laugavegi 92, Reykjavík kr. 450.00 auk kostnaðar, kr. 43.87. (Sjá II, 8.).

III. Ákærði Valtýr Ómar hefur fyrir rannsóknarlögreglu viðurkennt að hafa brotist inn í klefa fyrsta stýrimanns á m/s Stuðlafossi aðfaranótt fimmtudagsins 27. nóvember 1980, en skipið lá þá við Miðbakka í Reykjavíkurböfn. Tók hann þarna ófrjálsri hendi eina átekna vodkaflösku og tvær lengjur af Winston vindlingum. Til þessa innbrots notaði ákærði skrufjárn, sem hann hafði tekið úr vélaverkstæði skipsins.

Fyrir dómi kvaðst ákærði ekki muna eftir innbroti þessu og þjófnaði, en vildi ekki breyta framburði sínum fyrir rannsóknarlögreglu.

Lögreglan handtók ákærða í nefndu skipi í umrætt sinn vegna gruns um innbrot hans þar og þjófnað. Höfðu vaktmaður og vélamaður skipsins hindrað för ákærða, er hann var á leið upp úr skipinu, og kallað á lögregluna. Var ákærði þá með framangreindan varning innanklæða. Þá handtók lögreglan þarna samferðamann ákærða, sem kvað þá hafa komið að skipinu í leigubíl og hefði ákærði farið einn um borð og talað um að kaupa áfengi. Fór honum síðan að leiðast biðin eftir ákærða, og fór hann því um borð til að sækja hann, en var þá einnig stöðvaður af fyrrgreindum starfsmönnum skipsins.

Af því, sem hér hefur komið fram, telst sannað, að ákærði hefur brotið gegn 244. gr. alm. hegningarlaga með framanlýstri háttsemi sinni.

Eimskipafélag Íslands h/f krefur ákærða um bætur vegna skemmda, sem hann olli í nefndu innbroti. Hafi viðgerðarkostnaður numið kr. 430.80, og er það kröfufjárhæðin.

IV. Föstudaginn 5. desember 1980 kærði Baldvin Árnason, Miklubraut

68, Reykjavík, ákærða Valtý Ómar fyrir óheimila sölu á bifreiðinni R 50836 og svik í því sambandi. Kvaðst hann hafa kynnst ákærða seinni partinn í nóvember síðastliðnum í gegnum Finnboga Einarsson, þáverandi starfsmann sinn. Hafi Finnbogi þessi verið á einhverjum bílgarmi á þessum tíma, sem bilaði, og hafi ákærði þá boðist til að selja þeim Saab fólksbifreið fyrir góðan pening og með góðum greiðsluskilmálum. Kveðst Baldvin hafa keypt þessa Saab bifreið og greitt fyrir hana gkr. 1.000.000. Var kaupverðið greitt með 5 víxlum, hverjum að upphæð gkr. 100.000, gkr. 35.000 í peningum og gkr. 465.000 í vörum, sem Baldvin lét ákærða hafa. Voru það m. a. stytur og málverk, sem Baldvin hafði gert, svo og eftirprentanir.

Í skýrslu Baldvins fyrir rannsóknarlögreglu kemur enn fremur fram, að ákærði og Finnbogi hafi farið í söluferð með muni eða verk eftir Baldvin og hafi þá maður að nafni Sigurður Ragnar komið heim til Baldvins og spurt, hvernig á því stæði, að hann (Baldvin) væri eigandi að Saab bifreiðinni, þar sem hann (Sigurður Ragnar) væri skráður eigandi bifreiðarinnar og hafi hann ekki vitað um sölu hennar. Hafi hann tjáð Baldvin, að ákærði hefði selt bifreiðina án heimildar sinnar, en eiginkona sín hefði eitthvað kannast við ákærða og beðið hann að gera við bifreiðina. Hafi Sigurður Ragnar síðan tekið bifreiðina í sínar vörslur, en hún stóð þá við Höfðatún 10, Reykjavík.

Baldvin lagði fram ýmis gögn til stuðnings kæru sinni þ. á m. afsal fyrir nefndri bifreið, sem hann kvað ákærða hafa útfyllt og hann síðan ritað nafn sitt á sem kaupandi. Hafi hann ekki vitað annað en að hann væri að kaupa bifreiðina af ákærða sem eiganda hennar eða með fullu umboði.

Á umrætt afsal er skráð, að Sigurður R. Lúðvíksson selji hér með og afsali kæranda bifreiðinni. Enginn hefur hins vegar ritað nafn sitt undir afsal þetta sem seljandi.

Hjónin Sigurður Ragnar Lúðvíksson og Júlíana Karlsdóttir segjast hvorugt hafa gefið ákærða umboð til að selja bifreiðina. Hann hafi hins vegar fengið hana til viðgerðar, og sagði Júlíana, að ákærði hefði nefnt, að kaup-tilboð væri komið í bifreiðina, en hún hefði þá sagt honum, að hún vildi ekki ræða það, fyrr en hún hefði talað við Sigurð, en hann var þá á sjó.

Í rannsóknarlögregluskýrslu, sem tekin var af ákærða 10. desember 1980, segist hann hafa fengið títtnefnda bifreið til viðgerðar. Hann hafi átt að útvega Baldvin bifreið til kaups og séð, að þessi bifreið gæti komið til greina. Hann kvað Baldvin hafa greitt upp í kaupverð bifreiðarinnar með 5 víxlum, hverjum að upphæð gkr. 100.000, eftirprentunum að verðmæti alls gkr. 600.000 og stytum að verðmæti gkr. 140.000. Þá hafi Baldvin látið hann hafa gkr. 35.000 upp í kaupverðið. Tölur þessar eru í samræmi við reikninga, sem Baldvin lagði fram með kæru sinni. Ákærði kvaðst hafa skilað umræddum eftirprentunum og kostnaðarnótum, samtals að upphæð

um gkr. 500.000, þannig að eftir stæði skuld að upphæð um gkr. 775.000.

Ákærði kvað það rétt vera, að hann hefði ekki haft skriflegt umboð til sölu bifreiðarinnar, þegar hann gerði samningin við Baldvin, en það var 19. eða 20. nóvember, en hann kvaðst hafa talið, að bifreiðin yrði sér föll, þegar Sigurður, eigandi hennar, kæmi af sjónum. Ekki hefði það hins vegar reynst rétt, þegar til kom. Hann kvaðst hafa talað við Júlíönu og sagt henni, að hún ætti að selja bifreiðina, meðan hún snerist, og hafi hún þá sagt, að það hefði alltaf verið hennar vilji, en Sigurður tæki um það ákvörðun, þegar hann kæmi í land. Í framhaldi af þessu samtali hefði hann selt Baldvin bifreiðina.

Fyrir dómi kvað ákærði atvik skv. ákærulið þessum vera eitt rugl frá upphafi til enda. Neitaði hann því alfarið að hafa selt Baldvin umrædda bifreið. Hann kannaðist við að hafa útbúið afsalið, sem Baldvin ritaði nafn sitt á sem kaupandi. Var tilangurinn sá að hafa skjalið tilbúið, þegar eigandi bifreiðarinnar kæmi frá útlöndum. Hann vissi um áhuga Baldvins á að kaupa bifreiðina, en engar greiðslur hefði hann hins vegar móttekið upp í kaupverð hennar. Ákærði kvað eiganda bifreiðarinnar ekki hafa gefið sér leyfi til að selja hana, enda hefði hann aldrei rætt við hann um söluna. Hins vegar hefði eiginkona eigandans afhent ákærða bifreiðina til viðgerðar og þá nefnt, að þau vildu selja hana og yrði frá því gengið, þegar hann kæmi í land.

Ákærði kvað Baldvin hafa lánað sé gkr. 500.000 í víxlum til kaupa ákærða á bifreið. Var honum í framhaldi af þessu kynntur framburður hans fyrir lögreglu, þar sem ákærði segir, að Baldvin hafi greitt upp í kaupverð R 50836 með víxlum, eftirprentunum, peningum o. s. frv. Kvaðst ákærði hafa verið ruglaður á þessum tíma og væri það ekki í fyrsta sinn, að hann játaði á sig brot, sem hann væri saklaus af. Dró hann til baka framburð sinn fyrir lögreglu um þetta efni svo og framburð sinn þess efnis, að hann hefði notað greiðslu fyrir R 50836 til kaupa á annarri bifreið. Hann kvaðst hafa útbúið nefnt afsal með fyrirvara um samþykki Sigurðar R. Lúðvíkssonar, þegar hann kæmi í land. Hafi hann verið að fara í söluferð fyrir Baldvin og viljað hafa allt tilbúið, er Sigurður kæmi.

Þrátt fyrir margítrekaðar boðanir kom nefndur Baldvin aldrei fyrir dóm út af máli þessu, og er nú upplýst, að hann dvelur í Færeyjum.

Upplýst er í málinu, að ákærði hafði Saab bifreiðina R 50836 til viðgerðar. Um sömu mundir virðist hann hafa farið í ferðir út á land til að selja muni, verk og eftirprentanir, sem kærandi málsins, Baldvin Árnason, hafði gert. Var því fjármálalegt samband með þeim. Ákærði útbjó afsal vegna sölu bifreiðarinnar til Baldvins. Það var óundirritað af hálfu seljanda, og segist ákærði hafa útbúið afsalið til þess að hafa það tilbúið, er eigandi bifreiðarinnar kæmi af sjónum. Skýrslur þær, sem Baldvin gaf hjá rann-

sóknarlögreglu um sölu bifreiðarinnar R 50836 og sölustarf ákærða fyrir hann og uppgjör þeirra í því sambandi, eru ákaflega ruglingslegar sem og gögn þau, er Baldvin lagði fram.

Að þessu virtu þykir öldungis ósannað, að ákærði hafi dregið sér bifreiðina R 50836 og síðan selt hana nefndum Baldvin og þannig svikið fé út úr honum. Er hann því sýkn af þessum ákærulið.

V. Föstudaginn 5. desember 1980 kærði Halldór Guðnason, Tunguseli 1, Reykjavík til rannsóknarlögreglunnar þjófnað á seðlaveski sínu, sem í var m. a. ávísanahefti á Austurbæjarútibú Landsbanka Íslands, um gkr. 50.000 í peningum auk skilríkja. Kvaðst hann hafa farið á Hótel Borg miðvikudagskvöldið næsta á undan og hitt þar tvo menn, sem hann síðan bauð heim til sín. Ekki vissi hann þó nein deili á þeim. Ætlaði hann að bjóða þeim upp á áfengi og fór þess vegna út í verslun skammt frá heimili sínu til kaupa á gosdrykkjum til að blanda út í það. Mennirnir tveir hafi orðið eftir í íbúðinni, en þegar hann kom aftur, voru þeir farnir, og sá hann þá, að seðlaveski sitt með framangreindu innihaldi var horfið. Ekki vissi Halldór, hvað menn þessir hétu, og treysti sér ekki til þess að lýsa útliti þeirra.

Sama dag var ákærði handtekinn við áfengisverslunina á Lindargötu og færður í fangageymslu. Var hann með á sér gkr. 87.500, tvær Landsbanka-ávisanir, hvora um sig að upphæð gkr. 25.000, ávísanahefti frá Landsbanka Íslands, en í því voru eftir þrjár óútfylltar ávisanir, og sjúkrasamlagsskírteini Halldórs Guðnasonar, Tunguseli 1.

Í rannsóknarlögregluskýrslu kannast ákærði við að hafa stolið ávísanahefti Halldórs Guðnasonar, þar sem hann var þá staddur á heimili hans. Með sér hafi þá verið Sigurður Árnason, Bólstaðarhlíð 29, Reykjavík, en ekki hefði hann orðið var við, er ákærði tók heftið. Frá Halldóri kvaðst ákærði hafa farið til Baldvins Árnasonar, Miklubraut 68, og sofið þar um nóttina, en síðan farið með Baldvin inn í Kópavog morguninn eftir. Þeir hafi orðið viðskila, og hitti ákærði síðan Björn Einarsson. Var það um hádegisbilið. Sýndi hann Birni heftið og hafi þeir í framhaldi af því byrjað að selja ávisanir. Sagðist ákærði hafa skrifað á ávisanirnar, en Björn hafi síðan séð um að selja þær.

Ákærði hefur fyrir rannsóknarlögreglu viðurkennt að hafa falsað alla þá tékka, sem hér er ákært út af. Að því hann best minnti voru þeir notaðir, svo sem þar greinir.

Fyrir dómi vísaði ákærði alfarið í framburð sinn fyrir lögreglu og kvaðst ekkert muna eftir atvikum.

Fyrirnefndur Björn Einarsson hefur í rannsóknarlögregluskýrslu borið, að hann hafi verið í slagtogi með ákærða á nefndum tíma og þá séð hann geta út ávisanir.

Með framburði ákærða og öðru því, sem hér hefur verið rakið, er ákærði sannur að sök þeirri, sem á hann er borin í þessum ákærulið, og varðar hún við 1. mgr. 155. gr. alm. hegningarlaga.

Eftirtaldir hafa krafið ákærða um skaðabætur:

1. Bifreiðastöð Íslands h/f kr. 150.00 auk kostnaðar við innlaun tékkans. Engin gögn eru um þann kostnað. (Sjá V, 1).
2. Flugleiðir h/f kr. 650.00. (Sjá V, 2 og V, 3).
3. Oliufélagið Skeljungur h/f kr. 250.00 auk dráttarvaxta frá sýningardegi til greiðsludags. (Sjá V, 5 og V, 8).
4. Hans Petersen h/f kr. 600.00. (Sjá V, 6).
5. Málning og járnvörur h/f kr. 200.00. (Sjá V, 7).

VI. Aðfaranótt þriðjudagsins 23. júní 1981 var óskað aðstoðar lögregluunnar að Geymisvöllum við Háteigsveg í Reykjavík vegna skemmda á leigu-bifreiðinni R 2748. Lögreglumenn hittu þarna á staðnum eiganda bifreiðarinnar, Ægi Ómar Hraundal. Kvaðst hann hafa komið að húsinu vegna beiðni um akstur, en er hann sá, að ákærði yrði farþegi, hafi hann spurt hann, hvort hann hefði peninga til að greiða fyrir aksturinn. Hafi ákærði þá orðið reiður og sparkað í vinstra framaurbretti bifreiðarinnar, svo að það dældaðist.

Ákærði kvaðst hafa verið mjög ölvaður á umræddum tíma. Hann mundi, að hann hefði átt í orðaskiptum við nefndan leigubílstjóra á umræddum stað, en ekki mundi hann, hvort hann hefði sparkað í frambrettið.

Fyrir dómi kvaðst ákærði ekkert muna eftir þessu atviki. Hann sagðist kannast við Ægi Ómar Hraundal og væri hann ekki líklegur til að hafa sig fyrir rangri sök. Samþykkti ákærði skaðabótakröfu Ægis að upphæð kr. 1.850.30.

Af gögnum málsins verður ekki séð, að nefndur leigubílstjóri hafi krafist málshöfðunar út af atviki þessu, sem á undir 1. mgr. 257. gr. alm. hegningarlaga. Með tilvísun til 4. mgr. sömu lagagreinar er því þessum ákærulið vísað frá dómi.

Ákæra, dags. 16. september 1981.

Ákærði Valtýr Ómar hefur viðurkennt að hafa ekið bifreiðinni R 67233 gegn rauðu umferðarljósi á gatnamótum Nóatúns og Laugavegar í Reykjavík, er hann ók suður Nóatún og beygði vestur Laugaveg föstudaginn 3. apríl 1981. Þar höfðu lögreglumenn af honum afskipti. Hins vegar kannaðist ákærði ekki við að hafa verið sviptur ökuleyfi, þegar akstur þessi átti sér stað, en hann var þá með ökuskirteini meðferðis. Kvaðst hann ekkert muna eftir því, að skjalfest ákvörðun um bráðabirgðasviptingu ökuleyfis hafi verið birt sér 31. desember 1980, en tilefni hennar var ætlaður ölvunar-

akstur ákærða 11. nóvember 1980. Er nafn ákærða handskrifað þar til staðfestingar birtingunni, og kvað hann undirskriftina geta verið sína. Á skjalið er ritað, að ökuskírteini sé ekki afhent.

Ákærði kvaðst hafa verið ölvaður á þessum tíma, þ. e. 31. des. 1980.

Samkvæmt sakavottorði ákærða var hann sviptur ökuleyfi ævilangt frá 31. desember 1980 með dómi sakadóms Reykjavíkur, uppkveðnum 16. desember 1981.

Með viðurkenningu ákærða er sannað, að hann ók bifreiðinni R 67233 gegn rauðu ljósi í umrætt sinn, svo sem nánar greinir í ákæru. Þá þykir einnig sannað með vísan til formlegrar ákvörðunar um bráðabirgðasviptingu ökuleyfis, sem birt var ákærða 31. desember 1980, sbr. og sakavottorð hans, að hann var enn sviptur ökuleyfi, þegar umræddur akstur átti sér stað. Ósannað er hins vegar, að ákærði hafi verið undir áhrifum áfengis við akstur þennan, enda ekkert það komið fram í málinu, sem gefur tilefni til þess að gruna hann um slíkt. Er hann því sýknaður af þessu ákæruatriði, en að öðru leyti varðar framanlýst hegðun hans við 1. mgr. 27. gr. og 1. mgr. 38. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa ekið bifreiðinni R 69163 þrívægis að undangenginni áfengisneyslu. Fyrsta tilvikið átti sér stað 13. maí 1981, en þá ók hann bifreiðinni frá Brekkubraut í Keflavík áleiðis út í Hafnir, en akstrinum lauk með afskiptum lögreglu á Brekkustíg í Njarðvík. Annað tilvikið gerðist 13. júní 1981, en þá ók hann bifreiðinni frá Faxabraut í Keflavík áleiðis út í Hafnir, þar til akstrinum lauk með afskiptum lögreglu á mótum Suðurgötu og Skólavegar í Keflavík. Þriðja tilvikið varð 20. júlí 1981, en þá ók hann bifreiðinni nokkurn spöl upp úr moldarflagi utan vegar við afleggjara við Junkaragerði í Höfnum. Kvaðst hann hafa gangsett bifreiðina og ekið henni upp á Þjóðveginn út að Reykjanesi, en jafnframt hafi bifreiðin verið dregin af annarri bifreið.

Magn alkólhóls í blóðsýnum, sem ákærða voru tekin í tilvikum þessum, mældist (í sömu röð og hér hefur verið rakið) 2.73 ‰, 2.04 ‰ og 2.54 ‰.

Ákærði var með ökuskírteini sitt meðferðis við aksturinn 13. maí og 13. júní, en síðarnefnda daginn var hann sviptur ökuleyfi til bráðabirgða af lögreglunni í Gullbringusýslu, sem þá mun ekki hafa vitað um bráðabirgðasviptinguna frá 31. desember 1980.

Með framburði ákærða er sannað, að hann hefur í öll nefnd skiptin ekið bifreið sinni, R 69163, undir áhrifum áfengis. Þá þykir og sannað með tilvísun til þess, sem rakið var í næsta lið hér á undan, að hann hefur í öllum tilvikunum verið ökuleyfissviptur. Samkvæmt þessu varðar greind háttsemi ákærða í öllum greinum við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga, sbr. lög nr. 52/1978.

Ákæra, dags. 23. mars 1982.

Ákærði Ólafur hefur fyrir lögreglu og dómi viðurkennt að hafa aðfaranótt föstudagsins 5. júní 1981 farið um borð í m/b Gígju, RE 340, þar sem skipið lá í Njarðvíkurhöfn, og brotið þar upp hurðir og hirslur og stolið rafmagnsrakvél, kvikmyndasýningarvél og tveimur kvikmyndaspólum. Síðan hafi hann farið um borð í m/b Keflavíking, sem lá við hliðina á m/b Gígju og einnig þar brotið upp hurðir og hirslur og stolið sex glösum af morfíni og nokkrum sprautum úr lyfjakassa skipsins. Þá hefur Ólafur viðurkennt að hafa ekið bifreiðinni R 69163 frá Höfnum til Reykjavíkur aðfaranótt sunnudagsins 7. júní 1981 verandi undir áhrifum áfengis.

Þessi brot Ólafs, sem þykja fullsönnuð, varða við lagaákvæði þau, er greinir í ákærunni.

Hvorugur ákærðu vildu upphaflega fyrir lögreglu og dómi kannast við að hafa stolið myndsegulbandstæki í m/b Ólafi Inga aðfaranótt sunnudagsins 7. júní 1981, þar sem báturinn lá í Njarðvíkurhöfn. Vísuðu báðir á hinn. Báðir kváðust hafa verið ölvaðir á þessum tíma.

Ákærði Ólafur sagði upphaflega, að hann og Valtýr Ómar hefðu tekið leigubil úr Höfnum og látið aka sér niður á Njarðvíkurhöfn. Hafi þeir ætlað að sækja þýfið úr innbroti Ólafs í m/b Gígju, en hann hafði sett það um borð í m/b Ólaf Inga. Mun hann hafa verið háseti á báti þessum. Fóru þeir báðir um borð, og kvaðst Ólafur hafa farið fram í bátinn, en Valtýr Ómar aftur í. Leitaði hann að kvikmyndasýningarvélinni, en fann ekki. Hitti hann síðan Valtý Ómar aftur uppi á dekki, og var hann þá með gráan sjópoka meðferðis. Sagðist Ólafur hafa séð fatnað standa upp úr pokanum, en ekki vissi hann, hver átti hann. Setti Valtýr Ómar sjópokann í farangursgeymslu bifreiðarinnar, og héldu þeir síðan aftur að Sjónarhóli í Höfnum. Þar hafi Valtýr Ómar tekið myndsegulbandstæki upp úr pokanum, og sá Ólafur strax, að það var úr m/b Ólafi Inga. Hafi Valtýr Ómar hringt til Reykjavíkur og síðan sagt, að þeir ættu að hitta einhverja menn við Hótel Borg. Óku þeir síðan til Reykjavíkur og hittu þar tvo menn, sem Valtýr Ómar virtist þekkja og ræddi við. Fór svo, að annar mannanna tók við myndsegulbandstækinu og greiddi 500.00 kr. fyrir og eina flösku af vodka, 5 pela.

Ákærði Valtýr Ómar sagði upphaflega, að tilgangur fararinnar í m/b Ólaf Inga hafi verið að sækja óhrein fót, sem Ólafur átti þar. Sagðist hann hafa tekið sjópoka frá borði, sem innihélt framangreint, og litinn poka, sem í voru stakkur og stigvél Ólafs. Sjálfur hafi Ólafur komið með einn sjópoka, en ekki vissi Valtýr Ómar, hvað í honum var. Síðan hafi þeir haldið aftur út í Hafnir og hafi Ólafur borið inn poka þann, sem hann tók frá borði. Ólafur hefði síðan opnað pokann, og sagðist Valtýr Ómar þá fyrst hafa séð, að í honum var myndsegulbandstæki. Hafi hann alls

ekki vitað um tækið fyrr en þarna. Héldu þeir síðan til Reykjavíkur og þar hafi Ólafur selt tveim mönnum, sem Valtýr Ómar kannaðist við, tækið.

Ákærði Valtýr Ómar kom fyrir dóm vegna máls þessa 15. apríl sl. og Ólafur 31. júlí sl. Héldu báðir fast við framburði sína hjá lögreglu og neit-uðu sakargiftum. Sagði Valtýr Ómar, að Ólafur hefði farið um borð, en hann beðið í bifreiðinni. Hafi Ólafur síðan kallað á hann og beðið hann um aðstoð við að koma dóti hans frá borði. Var það í tveim eða þrem svörtum plastpokum nema stakkur Ólafs og stígvél, sem bundið var saman í einn pinkil. Sagðist Valtýr Ómar ekki hafa vitað það þarna, að myndsegul-bandstæki væri þarna innan um. Hann sagði og, að hann hefði ekkert farið um borð í m/b Ólaf Inga nema stundarkorn, þegar hann aðstoðaði Ólaf við að koma dóti hans í land. Hafi hann ekkert farið niður í skipið, heldur einungis framundir hvalbak.

Ólafur sagði hins vegar, að Valtýr Ómar hefði stolið myndsegulbands-tækinu og hafi hann ekkert um það vitað, fyrr en þeir voru komnir út í Hafnir aftur. Hafi hann heimtað, að Valtýr Ómar skilað því, en hann hafi þá hótað að drepa hann.

Báðir ákærðu mættu í dómnum 7. október sl. til samprófunar. Sagði Ólafur þá, að Valtýr Ómar hefði farið aftur í m/b Ólaf Inga og komið þaðan með gráan poka, sem myndsegulbandstækið reyndist síðan vera í. Þessu mótmælti Valtýr Ómar og kvaðst hafa farið aftur í borðsal bátsins til aðstoðar Ólafi við að koma dóti hans frá borði. Aðspurður um, hvenær hann myndi fyrst eftir myndsegulbandstækinu, kvað hann það væntanlega hafa verið í borðsal skipsins.

Ákærðu var í framhaldi af þessu lesin skýrsla Sigurðar Hilmarssonar leigubílstjóra, sem rakin verður hér á eftir. Sagði Valtýr Ómar atburðarás-ina hafa verið þá, að þeir hafi fyrst farið fram í skipið. Þar hafi Ólafur tekið saman föggur sínar og dót og Valtýr Ómar tekið á móti því í stigaop-inu. Síðan fóru þeir báðir aftur í skipið, tóku þar myndsegulbandstækið og settu í gráan poka. Að þessu loknu héldu þeir frá borði. Ólafur kvað þennan framburð Valtýs Ómars ekki réttan. Sagðist hann ekkert hafa farið aftur í skipið og hélt sig fast við þetta atriði. Hafi hann ekkert af mynd-segulbandstækinu vitað fyrr en í eldhúsinu í Sjónarhóli í Höfnum. Hann kvaðst hafa tekið á móti gráa sjópokanum á bryggjunni úr höndum Valtýs Ómars. Fannst honum pokinn þungur, en velti því ekkert frekar fyrir sér.

Sigurður Hilmarsson leigubílstjóri ók ákærðu í umrætt sinn. Hann kvað þá báða hafa farið um borð í m/b Ólaf Inga, dvalið þar allanga stund, en komið aftur með gráleitan sjópoka fullan af einhvers konar varningi. Upp úr pokanum hafi staðið eitthvað af fötum. Hafi pokinn verið settur í aftursæti bifreiðarinnar. Hann kvað ákærðu fyrst hafa farið fram í lúkar skipsins, en síðan aftur í skipið stjórnbörðsmeginn og hafi ákærðu dvalið

þar mestan hluta þess tíma, sem þeir voru um borð í bátnum. Hann kvað ákærðu einungis hafa komið með þennan eina poka frá borði og hefði myndsegulbandstæki vel geta rúmast í honum.

Valtýr Ómar hefur viðurkennt sök sína samkvæmt þessum ákærulið, en Ólafur staðfastlega neitað henni. Með framburði Valtýs Ómars og vitnisins Sigurðar Hilmarssonar þykir samt sem áður sannað, að hann eigi einnig sök á þjófnadi þessum. Hafa þeir þar með brotið gegn 244. gr. alm. hegningarlaga.

Ákæra, dags. 23. ágúst 1982.

Ákærði Valtýr Ómar hefur viðurkennt að hafa falsað tékka að fjárhæð gkr. 225.000 þ. 5. desember 1980 og ritað nafnið Halldór Guðmundsson sem útgefanda. Reikningsnúmer tékkans er sagt 6218, og eyðublaðið er nr. 5029670 frá Austurbæjarútibúi Landsbanka Íslands. Er því hér um eyðublað úr sama hefti og greinir í V. lið ákærunnar frá 18. ágúst 1981 að ræða. Ákærði afhenti samferðamanni sínum, Birni Einarssyni, tékka þennan, en þeir voru þá staddir á Akranesi. Greiddi hann með honum afnotagjald síma konu nokkurrar, sem þeir heimsóttu þar á staðnum.

Með þessari háttsemi sinni, sem rétt er lýst í ákærunni, hefur ákærði gerst sekur um brot gegn 1. mgr. 155. gr. alm. hegningarlaga.

Póstur og sími, Akranesi, hefur sett fram bótakröfu að upphæð kr. 2.250.

Valtýr Ómar, sem fæddur er 20. nóvember 1938 í Reykjavík, hefur sætt eftirtöldum kærnum og refsingum:

1957 16/10 í Reykjavík: Sátt, 50. kr. sekt fyrir brot á 28. gr. lögreglu-samþykktar.

1957 5/12 í Reykjavík: Áminning fyrir ógætilegan akstur.

1957 10/12 í Reykjavík: Sátt, 250 kr. sekt fyrir brot á 7. gr. umferðarlaga og 26. og 27. gr. bifreiðalaga.

1958 7/2 í Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1958 17/3 í Reykjavík: Dómur: 1.500 kr. sekt, sviptur ökuleyfi í 3 mánuði, fyrir brot á umferðarlögum og 23. og 27., sbr. 38. gr. bifreiðalaga.

1961 9/19 í Kópavogi: Sátt, 150 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.

1961 9/11 í Reykjavík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á lögum 73/1952.

1961 22/11 í Kópavogi: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ökuhraða.

1962 3/4 í Kópavogi: Sátt, 300 kr. sekt fyrir ökuhraða.

1962 27/4 í Kópavogi: Áminning fyrir vanrækslu á að tilkynna eigendaskipti bifreiðar.

1962 13/12 í Kópavogi: Sátt, 100 kr. sekt fyrir rangstöðu bifreiðar.

1963 30/3 í Kópavogi: Sátt, 300 kr. sekt fyrir ökuhraða.

- 1963 17/8 í Kópavogi: Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 18. og 19. gr. umferðarlaga.
- 1963 10/10 í Kópavogi: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 248. gr., sbr. 261. gr. hegningarlaga.
- 1964 24/4 í Kópavogi: Áminning fyrir brot á 65. gr. umferðarlaga og reglum um umferðarmerki.
- 1965 20/7 í Reykjavík: Sátt, 400 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.
- 1966 1/4 í Reykjavík: Dómur: Fangelsi 15 mánuðir, skilorðsbundnið í 5 ár, fyrir brot gegn 218. gr. hegningarlaga, áfengislögum og umferðarlögum. Svíptur ökuleyfi í 1 ár frá dómsbirtingu.
- 1966 4/10 í Reykjavík: Dómur: 3 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 247. gr. hegningarlaga.
- 1967 15/3 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 50. gr. umferðarlaga.
- 1967 28/12 í Reykjavík: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot gegn 248. gr., sbr. 256. gr. hegningarlaga.
- 1968 8/1 í Reykjavík: Dómur: 3 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 248. gr. hegningarlaga.
- 1968 6/2 í Reykjavík: Dómur: 30 daga varðhald fyrir brot á 25. og 27. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Svíptur ökuleyfi ævilangt frá dómsbirtingu.
- 1971 20/6 í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu: Sátt, 700 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislanga.
- 1971 31/8 í Reykjavík: Dómur: 2 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.
- 1971 15/12 í Reykjavík: Sátt, 1.500 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
- 1973 11/4 í Reykjavík: Dómur: 3 mánaða fangelsi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.
- 1975 15/5 í Reykjavík: Veitt ökuleyfi á ný.
- 1975 11/2 í Reykjavík: Sátt, 1.500 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
- 1976 25/3 í Reykjavík: Dómur: 10 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 155., 244., 247. og 248. gr. hegningarlaga.
- 1976 29/7 í Reykjavík: Dómur: Sakfelldur fyrir brot á 245. gr. hegningarlaga. Ekki gerð sérstök refsing.
- 1977 23/6 í Reykjavík: Dómur: 2 mánaða fangelsi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.
- 1977 16/6 í Reykjavík: Sátt, 50.000 kr. sekt fyrir brot gegn 15. gr. umferðarlaga. Svíptur ökuleyfi í 1 ár frá 16/6 1977.
- 1978 14/6 í Reykjavík: Dómur: 3 mán. fangelsi fyrir brot gegn 155., 244. og 248. gr. hegningarlaga.

- 1978 10/7 í Reykjavík: Dómur: Ákæru fyrir brot gegn 155. gr. hegningarlaga vísað frá dómi.
- 1978 10/10 í Reykjavík: Dómur: Sakfelldur fyrir brot gegn 254. gr. hegningarlaga. Ekki gerð sérstök refsing.
- 1979 5/1 í Austur-Skaftafellssýslu: Dómur: 15 daga varðhald fyrir brot á 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 5/1 1978.
- 1980 1/2 í Austur-Skaftafellssýslu: Dómur: 3 mán. fangelsi fyrir brot gegn 246. gr. hegningarlaga.
- 1979 1/4 í Austur-Skaftafellssýslu: Sátt, 10.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga og 9. gr. lögreglusamþykktar Austur-Skaftafellssýslu.
- 1979 22/10 í Austur-Skaftafellssýslu: Sátt, 10.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga og 9. gr. lögreglusamþykktar Austur-Skaftafellssýslu.
- 1981 16/12 í Reykjavík: Dómur: 4.500 kr. sekt fyrir brot gegn 25. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 31/12 1980.

Ólafur, fæddur 27. október 1952 í Reykjavík, hefur sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

- 1981 18/5 í Keflavík: Sátt, 250 kr. sekt fyrir brot gegn 66. gr. tolllaga.
- 1981 19/6 í Keflavík: Sátt, 3.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 9 mánuði frá 19/6 1981.-
- 1981 12/8 í Keflavík: Dómur: 2 mán. fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga. Fresta skal fullnustu á helmingi refsivistar þessarar, og fellur hún niður að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dómsins, haldi ákærði alm. skilorð. Til frádráttar refsingu ákærða komi gæsluvarðhald hans í 2 daga.
- 1981 14/12 í Keflavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot gegn 248. gr. hegningarlaga.

Við ákvörðun refsingar beggja ákærðu er litið til 77. gr. og 78. gr. alm. hegningarlaga svo og 72. gr. sömu laga að því er varðar Valtý Ómar.

Refsing ákærða Valtýs Ómars þykir hæfilega ákveðin tólf mánaða fangelsi. Til frádráttar refsingunni komi gæsluvarðhald hans í 17 daga.

Refsing ákærða Ólafs þykir hæfilega ákveðin tveggja mánaða fangelsi (hegningarauki).

Ákærði Valtýr Ómar er þegar sviptur ökuleyfi ævilangt, og verður honum því eigi gerð frekari svipting.

Ákærði Ólafur gerðist sekur um framanlýsta ölvun við akstur, áður en dómssáttin 19. júní 1981 var gerð. Samkvæmt þessu og með tilvísan til 81. gr. umferðarlaga skal hann nú sviptur ökuleyfi í 10 mánuði frá dómsbirtingu.

Ákærði Valtýr Ómar hefur samþykkt framkomnar skaðabótakröfur, og eru þær teknar til greina í þeim tilvikum, þar sem hann er sakfelldur.

Ákærði Valtýr Ómar greiði einn allan sakarkostnaðinn vegna brotanna, sem varða hann einan, þ. m. t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls A. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.000, en annan sakarkostnað greiði báðir ákærðu in solidum.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði Valtýr Ómar Guðjónsson sæti fangelsi í tólf mánuði. Til frádráttar refsingunni komi gæsluvarðhald hans í 17 daga.

Ákærði Ólafur Kalmann Hafsteinsson sæti fangelsi í tvo mánuði (hegningarauki).

Ákærði Ólafur skal sviptur ökuleyfi í 10 mánuði frá dómsbirtingu.

Ákærði Valtýr Ómar greiði eftirtöldum skaðabætur:

1. Versluninni Leðri og loðskinnnum kr. 243.00.
2. Oliufélaginu h/f kr. 127.25.
3. Söluturninum Vesturgötu 27, Reykjavík, kr. 232.00.
4. Sentral s/f kr. 1.197.25.
5. Pylsuvagninum, Austurstræti, Reykjavík, kr. 150.00.
6. Söluurninum Laugavegi 92, Reykjavík, kr. 493.87.
7. Eimskipafélagi Íslands h/f kr. 430.80.
8. Bifreiðastöð Íslands h/f kr. 150.00.
9. Flugleiðum h/f kr. 650.00.
10. Oliufélaginu Skeljungu h/f kr. 250.00 auk 4.75% mánaðarvaxta frá 1. júní 1981 til 20. apríl 1982, 4.0% mánaðarvaxta frá 21. apríl 1982 til 31. okt. 1982 og 5% mánaðarvaxta frá 1. nóv. 1982 til greiðsludags.
11. Hans Petersen h/f kr. 600.00.
12. Málningu og járnvörum h/f kr. 200.00.
13. Pósti og síma, Akranesi, kr. 2.250.00.

Ákærði Valtýr Ómar greiði einn allan sakarkostnaðinn vegna þeirra brota, sem varða hann einan. Hann greiði og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls A. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.000, en annan kostnað sakarinnar greiði báðir ákærðu in solidum.